

Ásthildur Erlingsdóttir  
heimilislæknir á Seltjarnarnesi



## Að vera eða ekki vera heimilislæknir

Þegar ég útskrifaðist úr læknaeild árið 2008 lá leiðin norður á Akureyri þar sem ég tók kandiðatsárið, bæði á Heilsugæslunni á Akureyri og SAK. Við vorum nokkur úr árganginum sem fórum þessa leið og árið varð eftirminnilegt og skemmtilegt, frábær vinnuandi á báðum stöðum og maður fékk mikil tækifæri til að spreyta sig á fjölbreyttum verkefnum undir góðri handleiðslu. Ég byrjaði árið á Heilsugæslunni. Það var sumar og ég fékk það verkefni að leysa af tvo reynda heimilislækna með öllu því sem því fylgir. Mér fannst það sannast sagna yfirþyrmandi. Hafði áður unnið í fríum á bæklun og slysó, geðdeildum og Vogu. Að sitja núna ein inni í herbergi með skjólstaðingi og hafa nokkrar mínútur til að átta mig á vanda hans og koma í farveg. Vanda sem ég hafði oft en ekki lítið lært um í læknaeild. Vörtur, útbrot, stoðkerfisverki sem ekki voru tilkomnir vegna hálkuslyss, óútskýrð einkenni sem viðkomandi hafði glímt við árum saman og ég sá við stutta yfirferð sjúkrasögu að höfðu jafnvel verið rannsökuð ítarlega og endurtekið síðustu 20 ár, ferðavottorð, örorkuvottorð, tilvísanir í endurhæfingu, slæmar draumfarir, slakar samfarir og svo framvegis. Ég varð guðslifandi fegin þegar ég komst í skjól á spítalanum þar sem verkefnin voru yfirleitt afmarkaðri og alltaf fleiri en ég sem komu að meðferð sjúklinganna.

Þrátt fyrir þessa upplifun hafði fræi verið sáð. Bæði sá ég starf

heimilislæknisins sem áskorun en ég fann líka þarna einhvern kjarna læknisfræðinnar sem ég dróst að. Ég eignaðist mitt fyrsta barn skömmu eftir að kandiðatsárinu lauk og þá kom einnig inn í ákvörðunartökuna sá praktíski þáttur að sérnám í heimilislækningum bauð upp á stöðuga ráðningu til nokkurra ára í senn. Svo fór að ég sótti um og komst inn í sérnámið hér heima. Ég var í ár á Heilsugæslunni í Garðabæ og tók barna-, kvenna-, geð- og bráðamóttökulutann hér heima. Stefnan var samt alltaf að klára sérnámið erlendis og ég fékk stöðu í Uppsölum í Svíþjóð. Til að eiga fyrir flutningum fjölskyldunnar réð ég mig í hálf ár á Höfn í Hornafirði, sem reyndist ómetanleg reynsla og er einn skemmtilegasti kaflinn minnar starfsævi hingað til.

Ástæða þess að ég valdi að fara erlendis hluta sérnámsins var einfaldlega til að víkka sjónveildarhringinn. Ég fékk allan klínískan tíma metinn inn í sérnámið úti en til að geta sótt um sænskt sérfræðileyfi þurfti að klára skyldukúrana þeirra, sem lengdi námið nokkuð fyrir mig. Ég komst að því að námið hér heima stenst fyllilega samanburð við það úti en það að kynnast því að starfa í öðru kerfi en maður elst upp við veitir dýrmæta innsýn. Það veitir manni líka aukið sjálfstraust til að meta kosti og galla hvors fyrir sig og tækifæri til að spegla sig sem fagmann í fleiri og ólíkari fyrirmyndum.

Starf heimilislæknis býður upp á val um rekstrarform og búsetu. Greinin er yfirgripsmikil og fjölbreytt og maður er alltaf að læra eitthvað nýtt. Kollega-hópurinn er kraftmikill og byggir starf sitt á sameiginlegri sýn og gildum (sjá „Gildi og markmið heimilislækna“ í 10. tbl. *Læknablaðsins* 2021). Stór hluti starfsins er uppvinnsla eða greining á einkennum sem skjólstaðingur leitar álits á. Það er spennandi vinna og krefst talsverðrar þekkingar, líka á eigin takmörkunum. Maður verður þjálfaður í að fá yfirsýn og greina hismið frá kjarnanum. Skjólstaðingahópurinn er jafn fjölbreyttur og einstaklingarnir í samfélaginu. Maður sinnir fólki á öllum aldri og tekst á við heilsuvernd, tilfallandi veikindi eða fjölpætt langveikindi, oft allt hjá einum og sama skjólstaðingnum. Með tímanum öðlast maður þekkingu á viðhorfi og aðstæðum hvers skjólstaðings og vonandi traust viðkomandi; heyrir ótrúlegustu sögur og fær innsýn í lífshlaup svo margra. Þó verkefni vinnudagsins séu yfirleitt of mörg og ennþá á stundum yfirþyrmandi, hef ég ekki séð eftir vali mínu á sérgrein og treysti mér sannarlega til að mæla með faginu fyrir verðandi lækna.